



VIII árgangur

WINNIPEG, 1913.

12. bl. 5.

## TVÖ KVÆÐI.

Eftir GUÐMUND FRÍÐJÓNSSON.

### Úr Hvers-dags-lífínu.

Máni getur margar nætur  
mönnum dulið ljóma sinn.  
Stundum eru stjörnur faldar,  
stúcin þá er hugurinn —  
Dímt er á himni, drottinn minn!

Margoft lítið sér til sólar.  
Svo er háttað vorri önd,  
þegar upp úr dánardjúpi  
dregur skugga á vonarlönd.  
Logar brjóst, en hælur hönd.

Þar sem barnið berst við dauðana  
bræstur fé í varasjóð.  
Út er grátið öllum túrum,  
augun svo sem fölskvað glóð:  
svipurinn sem hrunin hlóð.